

Fundur 9.jan 2024.

Mættar: Fanney, Rósa, Stína, Sigurveig, Katrín og Anna Lilja

Sameiginlegur fundur Samtaka 7.feb. Sigurveig sendi póst á Bryndísi með að lána skólann, eftir að fá svar.

Fristund óskar e. loom teygjum og föndurdót. Sigurveig heyrir í frístund hvað nákv. er verið að tala um og við skoðum þá budget.

Jólasveinar í okkar boði en enginn reikn. kominn, 15þus á mann. Bryndís sendir okkur póst þegar kemur reikn. en Anna Lilja talar um að þetta sé hærri upphæð en áður hefur verið.

Útikennslusvæði - Ak.bær þarf að ganga frá aðstöðu, vatn og klósett. Mögulega þarf yfirlýsingu frá for.fél. skóla og leikskóla til að koma að þrýstingi til sinna útikennslu. María búin að vera í sambandi við Ingu Báru leik.stjóra og verður áfram um framhaldið.

María þarf að halda málinu áfram og koma á fundi sem flestir úr stjórn komast.

Fanney heyrði í aðila sem veit um umgengni í Aldísarlundi við Hrafnagil:

Eyjafjarðarsveit á Aldísarlund. Held það sé bæði Eyjafjarðarsveit og svo foreldrafélögin sem kaupa það sem vantar og svo eru bæði foreldrafélögin sem húa saman í hóp til að vinna þegar þess þarf, ég veit ekki hvað starfsheitið þeirra er, örugglega viðhaldsmenn, eða húsverðir eða eitthvað... en þeir koma og laga hluti hjá okkur og í grunnskólanum, og þeir hafa líka lagað þar ef eitthvað þarf að laga. Annars ganga allir vel þarna um og alltaf allt tipp topp.

Rennandi vatn? Við erum með Reykánna og með foss við hliðina.

Svo erum við með skúr þar sem við erum með útielhdúsdót, auka vettlinga, sjúkrakassa, eldivið ofl. Bæði notað mikið af leikskólanum og skólanum.

Þetta er örugglega notað daglega. Við vorum þarna td í gær og í dag. Bara holt fyrir börnin að finna örugga leið, æfa samhæfingu, jafnvægi og styrk t.d. í hálfu.

Grunnskólinn er með útikennslu í stundarskránni hjá nánast öllum bekkjum.

Það er verið að elda lummur, grilla deigbrauð, poppa, tálga og allskonar.

Gera trjágreinaskýli og ýmislegt

Svefnfyrirlestur, lok janúar, vika 4. Opið öllum, sérstaklega unglingar velkomnir. Anna Lilja bókaði.

Skúli Geirdal búið að bóka f.nemendur í Glerárskóla 7.-10.bekk.

Greiðsla v/samtaka 78, Stína heyrir í Elísu með bæði þar sem er inni á Samtaka síðunni.

For.fél.reikn. ekki nýttur á næsta ári til að taka á móti Reykjapening 7.bekkjair, nota 7.bekkjair reikning sem til er.

Verður vorhátíð? Fá staðfestingu frá skólanum ef við eigum að leggja pening í. Sigurveig

Kolsýrt vatn, skjár á hjólum, Bryndís ætlaði að senda Sigurveigu pósts í október en enginn kominn enn.

Anna Lilja skoðar ávaxtakörfur fyrir kennara og upp kom spurning um hvað er verið að gera fyrir kennara til að aðstoða í streitustjórnun og vinna úr álagi.

Næsti fundur þri.13.feb. kl.20

Fundi slitið 21:13